

Jörvagleði, lista- og menningarhátíð Dalabyggðar fór fram dagana 15. – 23. apríl 2023. Þetta var 24. hátíðin og voru heilir 6 dagar af frábærum viðburðum á dagskrá.

Laugardaginn 15. apríl hélt Þorakórinn söngskemmtun í félagsheimilinu að Staðarfelli í tilefni af 60 ára afmæli kórsins. Þar var fjölbreytt söngdagskrá og veglegar kaffiveitingar bornar fram. Skemmtunin var vel sótt og fékk kórinn mikið lof fyrir glæsilega framkomu.

Á miðvikudeginum 19. apríl var opin fimleikaæfing hjá Íþróttafélaginu Undra þar sem börnin sýndu hvað þau höfðu lært og gestir gátu einnig spreytt sig á æfingum. Síðan var verkið „Kona að strokka“ eftir Ásmund Sveinsson myndhöggvara afhjúpað að Erpsstöðum og um kvöldið var setningarhátíð Jörvagleðinnar í Árbliki. Þar var sungið, flutt erindi um Ásmund Sveinsson en 130 ár voru liðin frá fæðingu hans og Glímufélag Dalamanna var með sýningu í tilefni af 25 ára afmæli félagsins. Steinþór Logi Arnarsson og Alexandra Rut Jónsdóttir fluttu nokkur lög, formaður menningarmálanefndar Þorgrímur Einar Guðbjartsson tók svo viðtöl við Björn Bjarka Þorsteinsson og Þrúði Kristjánsdóttur. Jörvatríóið, þær Ólöf Halla Bjarnadóttir, Jónína Björg Magnúsdóttir og Guðbjörg Leifsdóttir fluttu tónlist í lokin. Gestir gæddu sér á veitingu hjá Sælureitnum Árbliki og var vel mætt. Byggðasafn Dalamanna setti einnig upp sýningu með bæjarmyndum úr Miðdölum og Hörðudal í Árbliki og var því nóg að skoða hjá Sælureitnum Árbliki.





Á fimmtudeginum 20. apríl, Sumardeginum fyrsta var ýmislegt um að vera. Í Dalabúð var flutt erindi um ævi og störf Guðrúnar frá Lundi og hægt að skoða sýningu sem Kristín Sigurrós Einarsdóttir og Marín Guðrún Hrafnisdóttir sáu um. Dóra St. Ástvaldsdóttir og Þrúður Kristjánsdóttir opnuðu málverkasýningu sína á Silfurtúni, opið hús var bæði hjá Ungmennafélaginu Ólafi Pá og Björgunarsveitinni Ósk og Halldór Ásgeirsson opnaði vinnustofu sína fyrir gestum og gangandi. Á Laugum í Sælingsdal var Skátafélagið Stígandi með leiki og fjör og opnuð var sýningin „Lífið á Laugum“ sem sett var upp í tengslum við hlaðvarpið *Lífið á Laugum*. Blaðrarinn mætti á svæðið og var með sýningu fyrir börnin ásamt því að búa til blöðrudýr fyrir gesti. Seinni part dagsins flutti Vilborg Davíðsdóttir erindi um Þorgerði Þorsteinsdóttur rauðs eða „Völvuna í Laxárdal“ og um kvöldið var Sönghópurinn Hljómbrot með tónleika í Dalabúð sem fengu mikið lof. Það má því segja að hafi verið líf og fjör á Sumardaginn fyrsta.



Á föstudeginum 21. apríl hélt málverkasýning á Silfurtúni og sýningin „Lífið á Laugum“ áfram. Opnuð var myndlistarsýning Bjarnheiðar Jóhannsdóttur „Lífið og dauðinn í náttúrunni“ í Árbliki. Um kvöldið var frumsýnt verkið „Vodkakúrinn“ sem Leikklúbbur Laxdæla setti upp í tilefni hátíðarinnar og Björgunarsveitin Ósk var með pub quiz á Vínlandssetrinu.





Laugardaginn 22. apríl voru listakonurnar Rain Mason og Bjarnheiður Jóhannsdóttir með listasmiðju þar sem viðfangsefnið var umhverfislist og hugmyndavinna við gerð götulistaverks í Búðardal. UDN hélt víðavangshlaup og í tilefni þess var Ungmennafélagið Ólafur Pá aftur með opið hús. Sýningin „Lífið á Laugum“, málverkasýning Þrúðar og Dóru á Silfurtúni, myndlistarsýning Bjarnheiðar í Árbliki og opnun vinnustofu Halldórs héldu áfram. Í Dalíu mætti Una Torfadóttir með tónleika og um kvöldið fór fram Kótiletukvöld Lions þar sem Kveintónar komu fram og Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, þingmaður NV-kjördæmis, sá um veislustjórn. Deginum lauk með dansleik Meginstreymis og því fjölbreytt dagskrá þennan daginn. Því miður féllu niður Vetrarleikar Glaðs vegna ónægðar þátttöku.

Á sunnudeginum 23. Apríl hélt listasmiðjan áfram ásamt sýningunni „Lífið á Laugum“, myndlistarsýningu Bjarnheiðar og opnun vinnustofu Halldórs. Um kvöldið var svo önnur sýning Leikklúbbs Laxdæla á verkinu „Vodkakúrinn“.

Dalahótel voru með tilboð yfir helgina á gistingu og buðu upp á sérstakan kvöldverðarmatseðil föstudags- og laugardagskvöldið sem var hinn girnilegasti og gátu gestir því nýtt tækifærið að eiga þar góða dvöl og kíkja um leið á sýninguna „Lífið á Laugum“. Sælureiturinn Árblik var með opið og seldu veitingar svo gestir gátu sannarlega notið heimsóknarinnar þangað til að skoða bæði bæjarmyndirnar sem Byggðasafnið kom upp og vatnslitaverk Bjarnheiðar. Þá var Handverkshópurinn Bolli með opið alla dagana.

Þetta árið, í 24. sinn sem Jörvagleðin var haldin var einstaklega ánægjulegt að heimamenn áttu lang stærstan þátt í dagskrá gleðinnar og gátu allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Viðburðurinn var auglýstur bæði á samfélagsmiðlum, með dreifibréfi á heimili í Dalabyggð og Reykhólasveit og í Skessuhorni. Á dagskránni voru einnig viðburðir sem höfðu hlotið styrki m.a. úr Uppbyggingarstjóði Vesturlands, Frumkvæðissjóði DalaAuðs og Menningarmálaverkefnasjóði Dalabyggðar. Hátíðin fór í alla staði vel fram og þakkar menningarmálanefnd öllum sem áttu aðkomu að hátíðinni kærlega fyrir þeirra framtak, alla aðstoðina og fyrir að stuðla að því að gleðin var við völd út í gegn.